

Kæri viðskiptavinur!

Smith & Norland kynnir með ánægju nýjar uppþvottavélar frá Siemens.

## **Heimsins hraðvirkasta uppþvottavél með bestu mögulegu frammistöðu sem völ er á.**

**14 manna vél sem notar aðeins 10 lítra og þvær á 70 mínútum.**

**Siemens kynnir „speedMatic“ – gimsteinn í tækni uppþvottavéla. Með nýrri tækni þvær uppþvottavélin hraðar og skilar enn betri árangri um leið og vatnsnotkun minnkar úr 12 lítrum niður í 10 lítra við hvern þvott, sem auk þess er mun umhverfisvænni en áður hefur þekkt.**

Siemens kynnir hraðvirkustu og mest framúrskarandi uppþvottavél á markaðnum. Hinar nýju **Siemens „speedMatic“** uppþvottavélar hafa hið stílhreina Siemens útlit en með glænýjum búnaði. Með nýjum tæknilausnum svo sem nýjum 3-D síum og nýjum dælum er þvottatíminn einungis 140 mínútur miðað við venjulegt þvottakerfi. Með tímastyttingaraðgerð „varioSpeed“ styttest tíminn um heil 50% niður í 70 mínútur með aðeins einni snertingu.

Uppþvottavélin býður upp á einstaka sveigjanleika. Með nýrri V-laga hnífaparaskúffu sem er fyrir hnífapör og jafnvel espressó kaffibolla. Með þessu er hægt að koma fyrir í vélinni allt að 14 manna matarstelli án nokkurra vandkvæða. Neðri og efri grindurnar eru þannig hannaðar að hægt er að bjóða upp á fjölda möguleika við hleðslu vélarinnar. Hægt er að hækka og lækka efri grind um þrjár mismunandi hæðir, hægt er að fella niður diskaraðir í efri og neðri grind auk þess sem vélin getur tekið allt að 18 vínglös á tryggan máta. Hægt er að velja öflugan þvott einungis á neðri grind þar sem 20% meiri kraftur er á úðun. Þetta gerir það að verkum að hægt er að þvo mjög óhreina potta og pönnur í neðri grind um leið og venjulegan borðbúnað í þeirri efri.


Fyrir tíu árum var vatnsnotkun uppþvottavéla um 30-40 lítrar fyrir hvern þvott. Ef að meðaltali eru þvegnar 220 vélar á ári þá sparar Siemens „speedMatic“ uppþvottavél um 6.600 lítra af vatni á ári. Þetta samsvarar um 67 fullum baðkörum. Þessi litla vatnsnotkun þýðir einnig minni orkunotkun. Vélin er með AAA flokkun sem þýðir bestu orkunýtni, bestu þvottahæfni og einstaka þurrkhæfni. Vélin er líka sú eina á markaðnum útbúinn sérstaklega til að leysa upp þvottaefni í töfluformi á virkari hátt en áður með sérstöku hólfi sem tekur við töflum er þær falla úr þvottaefnishólfinu.

Siemens „speedMatic“ er einstaklega hljóðlát. Með mjög hljóðlátum dælum og með því að láta úðarana ekki úða á hurðina eins og áður, er hljóðið frá vélinni einungið 40 dB (re 1 pW), sem samsvarar hvísli (gildir fyrir vissar gerðir).

Breytingar, í stuttu máli:

- Ný framhlið sem passar við önnur innbyggingartæki frá Siemens.
- Uppþvottaefnið leysist upp á nýjan hátt (hólfi þvottatöflur).
- Enn hljóðlátari.
- Aukinn sveigjanleiki.
- Minni vatns- og orkunotkun.

Kynntu þér málið hjá sölufólki Smith & Norland, Nóatúni 4 eða umboðsmönnum okkar um land allt. Við tökum vel á móti þér.



**SIEMENS**